

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 22. nóvember 2021  
UST202111-101/B.S.  
10.04.02

**Efni: Aðalskipulag - breyting - Hlíð í Hrunamannahreppi. Lýsing. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita dags. 9. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi. Í breytingunni felst að ráðgert er að rækta skóg á 129 ha spildu og að núverandi frístundalóðir verði afmarkaðar.

Fram kemur í greinargerð að á skipulagssvæðinu sé að finna nokkrar vistgerðir með hátt eða mjög hátt verndargildi.

Umhverfisstofnun telur að í skipulagstillögum eiga að gera grein fyrir hvernig staðið verði að verndun þessara vistgerða þannig að þeim verði ekki spillt með gróðurstyrkingu eða skógrækt. Leita ætti til viðkomandi fagstofnana um leiðbeiningar um hvernig best verði að þessu staðið.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við lýsinguna.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Agnes Þórkelsdóttir  
Sérfræðingur